

Akureyri, 6. mars 2018


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Atvinnuveganefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.**

Stjórn Eyþings fagnar tillögunni og vonar að hún verði til þess að betri sátt náist um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Stjórn Eyþings vill koma á framfæri nokkrum ábendingum.

- Í A.3. þarf að skilgreina hvaða svæði eru „lykilsvæði“.
- Að mati stjórnar Eyþings er óásættanlegt að línulagnir yfir hálandið séu útilokaðar enda er það ekki í anda þingsályktunarinnar um styrkingu og uppbyggingu flutningskerfisins og aukið afhendingaröryggi á öllu landinu, þar með talið á höfuðborgarsvæðinu.
- Í A.9. þarf að skilgreina hvernig tryggja eigi að ákvarðanir um einstaka jarðstrengskafla, þegar það á við, byggist á heildstæðu mati á þeim hluta flutningskerfisins þar sem lengd jarðstrengskafla er háð takmörkunum og innbyrðis háð. Einnig þarf að vera skýrt hver á að meta þetta sem og að meta hvar jarðstrengur hefur í för með sér mestan ávinning umfram loflínu.

F.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þófi Jónasson  
framkvæmdarstjóri